

Fundargerð 36. fundar

skipulagsmálanefndar sambandsins

Árið 2019, mánudaginn 9. september kl. 13:45 kom Skipulagsmálanefnd sambandsins saman til fundar í Hlaðbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Bárður Guðmundsson, Dagbjört Jónsdóttir, Gauti Jóhannesson, Hrafnkell Á. Proppé og Sigurborg Ósk Haraldsdóttir.

Að auki sátu fundinn Guðjón Bragason sviðsstjóri, Eygerður Margrétardóttir verkefnisstjóri, Vigdís Ósk Häsler Sveinsdóttir lögfræðingur og Bryndís Gunnlaugsdóttir lögfræðingur, sem ritaði fundargerð.

Ásdís Hlökk Theódórsdóttir, forstjóri Skipulagsstofnunar, var gestur fundarins undir lið 5, 6 og 7.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Skipulagsmálanefnd sambandsins - fundargerðir o.fl. 2018-2022 - 1810076SA

Lagt fram yfirlit frá lögfræði- og velferðarsviði um stöðu helstu mála sem tengjast verkefnum skipulagsmálanefndar.

Skipulagsmálanefnd Sambands Íslenskra sveitarfélaga fer þess hér með á leit við ráðherra að nefnd um endurskoðun laga um fjöleignarhús, nr. 26/1994, vegna rafbíla og heimagistingar, ljúki störfum sem allra fyrst og skili tillögum sínum til ráðherra í formi frumvarps til laga um breytingu á lögum um fjöleignarhús.

2. Samráðsvettvangur sveitarfélaga um loftslagsmál, Heimsmarkmið SP og umhverfismál almennt - 1905036SA

Lögð fram yfirlýsing og fundargerð stofnfundar um samráðsvettvang sveitarfélaga um loftslagsmál og Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, sem haldinn var 19. júní 2019. Allmörg sveitarfélög hafa þegar sent staðfestingu sveitarstjórna um þátttöku í vettvanginum.

Eygerður Margrétardóttir kynnti drög að starfsáætlun samráðsvettvangsins. Fyrsti tengiliðafundur verður haldinn 13. september, þar sem áhersla verður á umfjöllun um innleiðingu heimsmarkmiða.

Skipulagsmálanefnd sambandsins hvetur þau sveitarfélög sem ekki hafa staðfest þátttöku í vettvangnum til að taka þátt.

Hrafnkell Proppé mætti til fundar kl. 14:09

3. Verkefnisstjórn um aðgerðaáætlun ríkisins í loftslagsmálum - 1905032SA

Eygerður Margrétardóttir, sem er fulltrúi sambandsins í verkefnisstjórn um aðgerðaáætlun í loftslagsmálum, gerði grein fyrir stöðu vinnu við framfylgd og endurskoðun aðgerðaáætlunar í loftslagsmálum. Fram kom í máli hennar að við þá

endurskoðun sem nú stendur yfir hafi verið tekið umtalsvert tillit til ábendinga í umsögn sambandsins um fyrstu aðgerðaáætlun.

4. Starfshópur til að vinna að heildarendurskoðun á lögum um mat á umhverfisáhrifum - 1810026SA

Umfjöllun um vinnu starfshóps um heildarendurskoðun laga um mat á umhverfisáhrifum verður megin umfjöllunarefni Umhverfismatsdagsins, sem haldinn verður 13. september nk. Vigdís Ósk Häsler Sveinsdóttir er fulltrúi sambandsins í starfshópnum og fór hún yfir helstu álitaefnin í vinnu starfshópsins.

Skipulagsmálanefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga hvetur starfshóp um heildarendurskoðun laga um mat á umhverfisáhrifum til að vanda til verka við endurskoðun laganna. Það er álit nefndarinnar að miklir möguleikar séu fyrir hendi til að auka almenna sátt um framkvæmd umhverfismats. Áhersla verði m.a. lögð á að ná fram markmiðum um einföldun laganna, þ.m.t. að sá tími sem umhverfismatsferlið tekur verði stytur umtalsvert og kærheimildum fækkað. Einnig verði ákvæði um tilkynningarskyldu framkvæmda endurskoðuð og reglur sem kveða á um strangari viðmið en fram koma í tilskipunum ESB verði felldar úr gildi.

Sigurborg Ósk Haraldsdóttir vék af fundi kl. 15:01

5. Skipulagssjóður - reglur um úthlutun - 1704009SA

Ásdís Hlökk Theódórsdóttir, forstjóri Skipulagsstofnunar, mætti á fundinn að beiðni sambandsins til að kynna hlutverk og stöðu Skipulagssjóðs. Í máli hennar kom fram að innheimt skipulagsgjöld nemi nú um hálfum milljarði króna en ráðstöfunarheimild til Skipulagssjóðs á fjárlögum hafi verið nánast óbreytt undanfarin ár, tæplega 220 m.kr. Mikil umræða varð um núverandi fyrirkomulag, þar sem átta sveitarfélög fá á hverju ári greitt sem nemur helmingi innheimtra skipulagsgjalda í viðkomandi sveitarfélagi. Öll önnur sveitarfélög þurfa hins vegar að sækja um framlag úr sjóðnum, sem nemur að jafnaði helmingi kostnaðar við gerð aðal- og svæðisskipulags. Fyrirkomulagið tekur lítið mið af breytingum sem orðið hafa á undanförunum áratugum á íbúafjölda sveitarfélaga.

Fram kom tillaga á fundinum um að á Skipulagsdeginum 8. nóvember n.k. verði kynning á Skipulagssjóði og verður gert ráð fyrir henni á dagskrá fundarins.

6. Landsskipulagsstefna 2015-2026 - 1607016SA

Ásdís Hlökk Theódórsdóttir, forstjóri Skipulagsstofnunar, fór almennt yfir vinnuna framundan við mótun áherslna um loftslag, landslag og lýðheilsu og fleiri atriði sem nú eru til umfjöllunar. Framundan eru vinnufundir um einstök þemu og eru sveitarstjórnarmenn og sérfræðingar sveitarfélaga minntir á að á heimasíðu Skipulagsstofnunar geta þeir skráð sig til þátttöku í samráðsvettvangi um þetta verkefni.

Hrafnkell Proppé vék af fundi kl. 15:48

7. Skipulagsdagurinn 2019 - 1904029SA

Skipulagsdagurinn verður að þessu sinni haldinn 8. nóvember nk. og fóru forstjóri Skipulagsstofnunar og sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs yfir þær hugmyndir sem komnar eru á blað og kölluðu eftir frekari hugmyndum nefndarmanna. Stefnt

er að því að endanleg dagskrá liggi fyrir á næstu vikum.

Fundi var slitið kl. 16:15

Bárður Guðmundsson

Dagbjört Jónsdóttir

Gauti Jóhannesson

Hrafnkell Á. Proppé

Sigurborg Ósk Haraldsdóttir